

Brim hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24.10.2023  
UST202301-265/F.T.  
08.12.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 9. október 2023 þar sem fram kom að þrjú frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði þann 11. september 2023. Óskað var eftir úrbótaáætlun vegna eins fráviks sem skráð var. Þann 17. október barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikið er eftirfarandi:

**Gr. 2.2 í starfsleyfi.** TVN-gildi í hráefni sem tekið var til vinnslu árið 2022 mældist sjö sinnum yfir 100 mg N/100g. **Samkvæmt rekstraraðila hefur samtalið verið tekið innan fyrirtækisins með það í huga að veiðum verði betur stýrt og með því berist ferskara hráefni að landi. Þetta vandamál virðist fyrst og fremst vera á vorvertíð kolmunna og er samspil tímalengdar veiðiferðar, lélegs ástands fisksins við veiðar sem svo hafi áhrif á kæligetu skipa. Frekari skráningar þar sem samspil ofangreindra þátta, TVN mælinga við löndun og vinnslu ásamt efnamælingum á framleiddri afurð verða borin saman og muni hjálpa þeim að þessu markmiði sem er ferskara hráefni í vinnslu.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur